



NAUSTHVERFI VII – HAGAR
EFTIRLIT MEÐ GATNAGERÐ OG LÖGNUM

OKT - DES 2018

UMHVERFIS OG MANNVIRKJASVIÐ AKUREYRARBÆJAR
NORÐURORKA
MÍLA
TENGIR

FRAMVINDUSKÝRSLA 16.01.2019

Efnisyfirlit:

1. Yfirlit yfir verkið	1
1.1 Framkvæmdir	1
1.2 Aðföng – mannaflí og efni	1
1.3 Staða verksins	1
1.4 Yfirlit yfir aukaverk, magnaukningar og viðbótarverk	2
1.5 Hönnun og breytingar.....	2
1.6 Yfirlit yfir fjárhagsstöðu verksins	2
1.7 Úttektir	4
1.8 Önnur atriði.	4
1.9 Myndir	5

1. Yfirlit yfir verkið

Verkið felst í gatnagerð, fráveitu-, neysluvatns-, raf- og fjarskiptalagnir í nýbyggingu gatna í 7. Áfanga Naustahverfis á Akureyri.

Verkkaupar: Umhverfis og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA), Norðurorka hf, Míla ehf og Tengir hf

Umsjónarmaður verkkaupa: Tómas Björn Hauksson UMSA, Stefán Steindórsson NO

Hönnun: Efla hf, Tengir hf og Míla ehf.

Verktaki: Gv Gröfur hf

Eftirlit: Mannvit hf Vigfús Sigurðsson, Steinþór Traustason.

1.1 Framkvæmdir

Verkinu er skipt í 5 áfanga. Þrír áfanga unnir á árinu 2018 og tveim skal lokið 2019. Vinna við fyrsta áfanga hófst 15. Janúar 2018, með áfanga 1A við Naustabraut. ÁfangiA 1A, Naustabraut og Wilhelmínugata lauk í maí sl. Lokaúttekt gefin út þann 18. maí 2018.

Verkáfanga 1B lauk í byrjun ágúst og lokaúttekt gefin út þann 21. ágúst 2018.

Nú er unnið í verkáfanga 1C, Kjarnagata. Í október og fram eftir nóvember var unnið við lagnir í götunni, fráveita, regnvatnsveita, vatnsveita, hitaveita og raf-og boðvietulagnir. Þessu verki lauk að mestu um mánaðarmótin nóv/des.

Um mánaðarmótn nóv/des gerði mikla snjókomu sem gerði það að verkum að ekki var hægt að keyra efra burðarlagi í götuna. Mikil hlýindi í desember leysti upp allan þann snjó sem kom og eru aðstæður þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að hefja fyllingu í hana.

1.2 Aðföng – mannaflí og efni

Í verkinu hafa verið um 5 – 10 manns að vinna að jafnaði. 3 - 5 bílar í akstri, 2-3 gröfur. Mannafla og þá einkum tækjum hefur fækkað eftir því sem leið á haustið. 3-7 manns að vinna í Kjarnagötunni og ein hjólavél og ein beltavél. Tveir bílar í að flytja sand í söndun.

1.3 Staða verksins

Verkáfangi 1a

Naustabraut: Verki lokið og úttekið. Stígur vestan götunnar er tilheyrir áfanga 2B er lokið og úttekinn.

Wilhelmínugata: Verki lokið og úttekið. Stígur norðan götunnar er tilheyrir áfanga 2A og 2B er lokið og úttekinn.

Verkáfangi 1b

Gudmannshagi: Verki lokið og úttekið.

Geirþrúðarhagi: Verki lokið og úttekið.

Kristjánshagi: Verki innan áfanga 1B er lokið og úttekið.

Halldóruhagi: Verki innan áfanga 1B er lokið og úttekið.

Margrétarhagi: Verki innan áfanga 1B er lokið og úttekið.

Verkáfangi 1c

Kjarnagata: Lagnavinnu er að mestu lokið. Eftir að ganga frá götuljósastreng og setja upp ljósastaura. Eftir að keyra efra burðarlagi í götuna.

1.4 Yfirlit yfir aukaverk, magnaukningar og viðbótarverk

1. Lagnir og strengir sem þvera Naustabraut. Verkið var unnið í fyrri áföngum og kemur í ljós að lagnir eru full hátt í landinu. Það þarf að grafa lagnirnar upp og sökkva þeim dýpra.
2. Ræsi í gegnum Naustabraut og við Kjarnagötu. Sett ræsi í gegnum götur til að veita yfirborðsvatni. Lokið í Naustabraut, en í biðstöðu við Kjarnagötu.
3. Jöfnun moldarhauga á golfvallartipp. Verktaki annist útjöfnun moldar á tipp við golfvöll. Sökum erfiðra aðstæðna og veðurfars hefur verktaki hefur sett fram kröfur um viðbótarkostnað vegna útjöfnunar á tipp. Aðstæður hafa verið mjög erfiðar, forfæra þarf efnið til vesturs í átt að reiðstíg. Fylling er mjög þykk miðsvæðis og í vetraraðstæðum eins verið hefur með frosti og þýðum hefur reynst erfitt að forfæra efnið til vesturs.
4. Stígar ásamt fráveitulögnum og raflögnum í Naustabraut og Wilhelmínugötu. Verkið er hluti af verkáfangi 2A og 2B, sem vinna á 2019. Telst ekki til magnaukningar.
5. Vegna skipulagsbreytinga. Endurleggja fráveituheimtaugar í Margrétar- og Kristjánshaga. Auk þess þurfti að bæta við niðurfalli í bílastæði við Gudmannshaga.
6. Efni og uppsetning á upplýsingaskiltum vegna lokunar Kjarnagötu.
7. Slóðagerð að losunarstað við Hamra.
8. Grafinn skurður í túnið austan Naustabrautar. Vatni veitt til suðurs til að hindra frekari skriðum niður í Kjarnaskóg.

1.5 Hönnun og breytingar

- Nýjar verkeikningar voru gefnar út þann 25.04.2018.
- Hönnun losunarstaðs við Hamra var lokið í byrjun ágúst og undirbúningur að honum svo sem slóðagerð unnin í framhaldi af því. (viðbótarverk)
- Skurður austan Naustabrautar. (viðbótarverk)

1.6 Yfirlit yfir fjárhagsstöðu verksins

Tilboðsupphæð verktaka er kr. 268.397.726 - með VSK að meðtalinni áætlaðri tímavinnu við aukaverk. Samþykktir hafa verið verkstöðureikningar samtals að upphæð: 134.816.510 -. Viðbótar- og aukaverk innifalin.

Nú þegar áföngum 1A, 1B og uppúrtekt götu í áfangi 1C er lokið er uppgröftur kominn í 60,197 m³ en í magnskrá er áætlað 69.500m³. Graftrarliður er því kominn í 87% af áætluðu magni. Það má búast við að þessi verkliður fari lítilla fram úr áætlun.

Magn fyllingar í götur og stíga er nú komið í 48,9330m³ af 62.500m³ eða um 78%.

Í heild er búið að greiða 89% af áætluðu heildarverki þegar áföngum 2A og 2B er ólokið.

Heildarkostnaður Akureyrarbæjar, efni, hönnun og undirbúningur og framkvæmdakostnaður. Kostnaðartölur fyrir árið 2018, staðan 21. Desember 2018 :

Hönnun og undirbúningur	8,119,822
Eftirlit	4,597,196
Framkvæmdakostnaður	146819929
Viðbótarverk og aukaverk skv. sundurliðun	635,400
Efni	10,854,092
Vinna og tæki UM og UMSA	3,340,852
Þjónusta verktaka og samningsverk	2,671,973
Skoðunar og eftirlitsgjöld	33,854
Heildarkostnaður samtals:	177,073,118

Samantekt viðbótar- og aukaverka við árslok.

Neðraburðarlagsefni flutt frá Nökkva haugsett	1,323,000	
Vinnustaðamerkingar Kjarnaskógi	160,000	
Haugsett fargefni ekið í golfvallaveg.	383,955	
Aukaverk við tipp á golfvelli		5,389,022
Tilfærsla á mold við Naustastíg		328,680
Tilfærsla á möl við Naustastíg		432,750
Upplýsingaskilti v. Hamra, Sólskóga og fl.	375,546	
Slóðagerð við Hamra	4,685,000	
Ýmis verk unnin á tímavinnugjaldi	635,400	
Heildarkostnaður samtals:	7,562,901	6,150,452

Samtals: 13,713,353

Heildarkostnaður Norðurorku, efni, hönnun, eftirlit, undirbúningur og framkvæmdakostnaður. Kostnaðartölur fyrir 2018 miðað við 31. desember 2018:

Hönnun	12,203,129
Eftirlit	5,144,007
Aðkeypt vinna	2,644,454
Efniskostnaður	63,927,479
Verktakakostnaður	65,009,158
Eigin vinna og tæki	9,175,161
Annar kostnaður	46,493
Samtals:	158,149,881

Verktakakostnaður Norðurorku er nú kominn í 73% af heildartilboði verktaka. Má segja að það nokkuð á pari við stöðu verksins nú.

1.7 Úttektir

Verktaki lauk áfanga 1A, Naustabraut og Wilhelmínugötu fyrir 1. maí. Lokaúttekt var gerð þann 18. maí og verkið því afhent verkkaupa.

Verktaki lauk áfanga 1B fyrir 1. ágúst og lokaúttekt gerð þann 21. ágúst og verkið þar með afhent verkkaupa.

1.8 Önnur atriði.

Undanfarna verkfundi hefur verktaki staðið fyrir bókunum vegna afhendingu á efni og tafir vegna þess. Þetta á einkum við afhendingu á efni í fráveitulagnir. Það er álit eftirlits að þau mál séu leyst að öllu leyti.

Verktaki telur að þegar ráðist var í stígagerð í Naustabraut og Wilhelmínugötu hafi orðið forsendubrestur varðandi skipulag og framvindu verksins að hans hálfu. Verktaki hefur lagt fram drög að reikningsupphæð vegna þessa, en verkkaupar þ.e. Akureyrarbær og Norðurorka hafa óskað ítarlegri skýringa á framsetningu málsins að hálfu verktaka. Mál þetta er óleyst í lok árs 2018

Akureyri, 17. janúar 2019

Vigfús Sigurðsson

Eftirlitsmaður

Mannvit

1.9 Myndir



Mynd 1. Fráveita í Kjarnagötu.



Mynd 2. Horft suður Kjarnagötu til móts við Gudmannshaga



Mynd 3. Kjarnagata. Söndun og einangrun á vatnslögn



Mynd 4. Kjarnagata regnvatnsbrunnur



Mynd 5. Kjarnagata regnvatnsbrunnur, búið að koma púkki í kringum hann og klæða með dúk. Niðurfall í fjarska



Mynd 5. Við Kjarnagötu 62. Rafmagnsskápur nr. 7